



Mosfellsbær
b.t. Bæjarráð
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Leirvogstunga 25 F2331232

Í september 2012 eignaðist LT lóðir ehf. kt. 640912-0570, nú Miðengi ehf. kt. 441108-1250, lóðina Leirvogstungu 25, ásamt fleiri lóðum við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Eignin var seld í maí 2016, kaupandi fékk byggingarleyfi hjá Mosfellsbæ í október 2018, byggingarleyfi sem var afturkallað eftir að Minjastofnun hafði sent Mosfellsbæ þess efnis að útgáfa byggingarleyfis hafi farið í bága við lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Minjastofnun sendi síðan kaupanda bréf þar sem kom fram að uppgröftur eftir fornleifum þyrfti að fara fram á kostnað eiganda áður en hægt væri að byggja á lóðinni. Í framhaldinu gerðu kaupandi og seljandi samkomulag um riftun og var lóðinni afsalað aftur til LT lóða í apríl 2019.

Miðengi ehf. núverandi eigandi eignarinnar, en LT lóðir og Miðengi sameinuðust í október 2019, óskar hér með eftir því að Mosfellsbær taki yfir öll réttindi og skyldur Miðengis vegna lóðarinnar Leirvogstungu 25 F2331232 þar sem lóðin sé í raun óbyggileg vegna kröfu Minjastofnunar um að fram fari fornleifagröftur á lóðinni á kostnað eiganda áður en hægt verður að byggja á lóðinni.

Ekki er farið fram á endurgjald fyrir lóðina einungis að fasteignagjöld verði ekki innheimt hjá Miðengi / LT lóðum fyrir núverandi ár.

Virðingarfyllst,
F.h. Miðengis

Ágúst Stefánsson
lögmaður